

HAFNARPÓSTURINN

MÁLGAGN ÍSLENDINGAFÉLAGSINS

Mars 2005 1.töl 20. árgangur



Spesi á opnum. Lósmýnd: Lauri Dammert.

Dulspeki



Bls. 4 ▶

HP 20 ára



Bls. 12 ▶

Vinningshafar



Bls. 18 ▶

Porrablót



Bls. 20 ▶

Tuttugu ára í dag

Afmælisbarnið

Leiðari

Margrét V. Helgadóttir

Sjálf skilgreini ég mig sem afmælisbarn með meiru. Mörgum kann að þykja það fullgróft af konu á fertugsaldri en á þessu er sáraföld skýring. Gleðitilfinningin sem fylgdi afmælisdeginum mínum sem barn hefur ekki minnkað með aldrinum. Mér finnst alltaf jafn gaman að eiga afmæli þrátt fyrir að hrukkunum fjölgi. Áður fyrr voru það kannski gjafirnar sem heilluðu en í dag finnst mér það toppurinn á tilverunni að fá upphringingu frá gamalli vin-konu á afmælisdaginn eða fara út að borða með fjölskyldunni. Kannski er eigingirni að finnast maður „eiga“ einhvern dag en af hverju má maður ekki eiga einn dag á ári og njóta hans til hins ýtrasta?

En það er hvorki afmæli mitt né aldur sem er umfjöllunarefni blaðsins að þessu sinni heldur afmæli Hafnarpóstsins sem fagnar 20 ára afmæli á þessu ári. Afmæl-

isþemað mun einkenna Hafnarpóstinn árið 2005. Eins og margir vita var efnt til smásagnasamkeppninnar „Íslendingalíf í Kaupmannahöfn“ af þessu tilefni og voru viðurkenningar veittar 14. janúar sl. Sjáið nánari umfjöllun og skemmtilegar myndir á bls. 18.

Okkur finnst þetta að sjálfsögðu afar merki-legur áfangi. Tuttugu ár eru langur líftími blaðs – í rauninni mætti reikna líftíma blaða eins og hundalífið, að margfalda árafjöldann með sjö! Til að minnst þessara merku tímamóta höfum við fengið fyrstu ritstýrur blaðsins til að rifja upp fyrri gróskutíma – við lesturinn sækir að manni sú hugsun að sagan endurtaki sig.

Lífið er öldudalur, einnig í útgáfu blaðs. Annað væri óeðlilegt þar sem blaðið hefur alltaf verið unnið af sjálfboðaliðum. Oft er þetta fólk í fullu starfi samhliða eða í námi, með fjölskyldur og börn sem líka þarf að sinna. Eins hefur fjárhagur félaganna sem staðið hafa að útgáfu blaðsins verið mis-munandi góður og að sjálfsögðu haldast

þessir tveir þættir í hendur. Í dag er svo komið að reksturinn siglir á lygnum sjó og stöðugt fleiri sækjast eftir að auglýsa í Hafnarpóstinum, sem er afar ánægjuleg þróun. Án auglýsingatekna, styrktaraðila og atvinnufólks í hópi sjálfboðaliða gætum við ekki gefið blaðið út í þeirri mynd sem það er í dag.

En önnur starfsemi Íslendingafélagsins er líka lifandi og fjörug. Á jólaballinu í Jóns-húsi dansaði yngsta kynslóð Íslendinga í kringum jólatré og hitti rauðklædda vini sína. Félagsvistin er komin í gang á ný, síðasta föstudag í hverjum mánuði. Einn stærsti viðburður ársins var Þorablótið sem haldið var á NIMB í Tívoli 5. febrúar. Þangað mættu á sjöunda hundrað Íslend-inga og skemmtu sér konunglega fram á rauða nótt.

Afmælisveislan er hafin og því ekkert að gera nema njóta hennar!

Góða skemmtun.



Hafnarpósturinn

1. tölublað 20. árgangur 2005

Hafnarpóstur er prentaður í 1000 eintökum.

Útgefandi og ábyrgð:

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn
hafnarpostur@islendingafelagid.dk

Ritstjórn

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Margrét V. Helgadóttir

island@paradis.dk

Sími 4498 6070

Prófarkalestur: Erla Sigurðardóttir

Umbrot: Þórarinn Leifsson

Auglýsingar: Guðmundur Daníelsson
formadur@islendingafelagid.dk

Árgjöld 2004-2005

Einstaklingar: 150 DKK

Fjölskyldur: 200 DKK

Ellilífeyrisþegar: 50 DKK

Árgjöld greiðist inn á giróreikning
609-0559

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn

Formaður: Guðmundur Daníelsson

formadur@islendingafelagid.dk

Varaformaður: Ólafur Einarsson

Gjaldkeri: Hildur Gestsdóttir

gjaldkeri@islendingafelagid.dk

Ritari: Margrét V. Helgadóttir

ritari@islendingafelagid.dk

Meðstjórnandi: Friðrik Jónsson.

Meðstjórnandi: Stella S. Kiernan

Meðstjórnandi: Tómas Buchholz

Sími Íslendingafélagsins: 3314 6035

www.islendingafelagid.dk

ifk@islendingafelagid.dk

*Þegar hlutirnir ganga
greiðlega fyrir sig ...*



Ef þú þarft að flytja milli landa eða landshluta léttum við þér lífið og greiðum leið þína í flutningsferlinu. Við leiðbeinum þér við pappírsvinnuna og tilhögun flutningsins, aðstoðum þig við að meta stærð búslóðarinnar og gerum þér hagstætt verðtilboð.

Þú finnur allt sem þú þarft á www.eimskip.is

Eimskip Denmark A/S
Íris Lóa Eyjólfsson
Tel: + 45 7020 1602
ile@eimskip.dk

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Huset Innanna er...

Himnaríki á Austurbrú



Auður og Erla falla í stafi. Ljósmynd: Lauri Dammert.

Dulspeki

Erla Sigurðardóttir

Þegar hringt er á dyrabjöllu í miðri verslunargötunni Nordre Frihavnsgade opnast rimlahliðið sjálfkrafa. Gengið er í gegnum hjartan og snyrtilegan bakgarð þar til komið er að bláum dyrum í lágreistu hvítu húsi. Á efri hæð í uppgerðu verkstæðishúsnæði rekur Inga Björt Vilhjálmisdóttir andlega miðstöð, Huset Innanna.

Við höfðum heyrt af tilviljun að íslensk kona ræki andlega miðstöð í borginni og ákváðum að rannsaka málið. Hringdum í Ingu sem bauð okkur velkomnar hvenær sem væri. Ljósblár bæklingurinn var skoðaður og ákveðið að skella sér á tarotkvöld. Við mæltum okkur mót við tvær vinkonur okkar fyrir utan rimlahliðið. Ekki var laust við feimnislega forvitni og eftirvæntingu þegar við gengum upp stigann.

Á móti okkur tekur lágvaxin kona á sextugsaldri – og kynnir sig sem Annie. Þetta er „ógurlega hugguleg“ kona, eins og sagt er, smekklega og kvenlega klædd í pils og blússu, með skartgrip og hárlagningu. Hún vísar okkur inn í lítið og hlýlegt herbergi þar sem kerti loga og litlar indverskar guðamyndir standa uppi á hillu. Annie dregur upp flöskugrænan velúrdúk úr töskunni sinni. „Þetta er tarotdúkurinn minn,“ útskýrir hún og breiðir hann yfir borðið. Um leið breytist svipur herbergisins – við sitjum nú undir súð í hálfökkri með ekta spákonu. Hún leggur fimm sett af tarotspilum á borðið. Lætur okkur draga eitt spil úr hverjum bunka.

Hvers vegna féllstu fyrir honum?

Annie virðist hálfgáttuð á þessari íslensku innrás en ber sig vel. Þessi röð af konum sem situr andspænis henni líkist engum venjulegum saumaklúbbi eða starfsfélögum, aldurinn dreifður og háraliturinn mismunandi. Að hverju ætli þessar konur séu að leita? Hún byrjar, hvessir augun á viðmælanda sinn og segist sjá karlmann í spilinum hennar:


„Þú ert gift eða í föstu sambandi. Þið eruð ólík – þú virðist búast við meiri karlmennsku og styrk frá manninum þínum en ættir kannski frekar að leita að eigin styrk. Gleymdu ekki hvers vegna þú féllst fyrir bonum á sínum tíma.“

Ekki er ég farin að hneggja

Við smáflissum, getum svo sem tekið þetta til okkar allar saman. Sú næsta fær skilaboð um að hún eigi að fara að taka inn „bestepulver“. Hestepulver? „Já, þú getur keypt þetta hjá dýralæknum – bestum er gefið þetta gegn liðagigt, en þetta er líka gott fyrir manneskjur.“ „Á ég að taka jafn stóran skammt og brossin?“ „Ja, ég hef tekið þetta í nokkur ár,“ svarar Annie, „og ekki er ég farin að hneggja.“ Ein okkar er hvött til að rækta karllegu hliðina í sér, önnur þá kvenlegu.



Að tarotkvöldinu hjá Annie loknu getur engin okkar farið beint heim. Við setjumst á kaffihús, horfum annars hugar hver á aðra og stynjum upp úr okkur: „Hvernig gat þú rambað á ákkúrat þetta?“ Sú sem er mest úti á þekju er raunvísindakonan í hópnum.

Fimm glæsilegar myndabækur í tilefni 200 ára afmælis H.C. Andersen



Böövar Guðmundsson

endursegir ævintýrin og tekst að varðveita frásagnartöfra danska þjóðskáldsins. Myndskreytingar **Þórarins Leifssonar** eru hrein listaverk. Bækurnar koma út á dönsku, íslensku, norsku og sænsku. Einstaklega hagstætt verð.



Dóttir ávítarans

Skammerens Datter kemur út á íslensku! Þessi vinsæla bók um Dínu Tonerre hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin í ár.




Imago

„Eftir langa lestrardaga síðustu vikna þá kæmi mér ekki á óvart að Imago – drengurinn í mýrinni yrði þegar upp er staðið besta skáldsagan sem kemur út á Íslandi á þessu ári.“

Páll Baldvin Baldvinsson, DV, 25. nóvember 2004




Skáldsagan **Fyrirmæli** gerist í finnsku borgarastyrjöldinni 1918 en gæti gerst hvar sem er og hvenær sem er þar sem mannleg reisn á í vök að verjast í styrjöldum sem háðar eru undir fánum hugmyndafræði og menningarkerfa.



Stúlka með perlueyrnalokk –

Lesið bókina að baki myndarinnar í einstaklega fallegri íslenskrí þýðingu.



Páfugl í Mörgæsalandi

er skemmtileg dæmisaga um hugrekki á vinnustað. Bókin er tileinkuð öllum sem þróa fljúga frjálst eins og fuglinn og sýna rétt eðli sitt.

Fullnæging

„Hispurslaus og praktísk. Staðreyndir sem hver einasta kynvera ætti að hafa á hreinu. Beitt þýðing Ernu spillir ekki fyrir... Bráðnauðsynleg kokkabók fyrir alla sem hafa áhuga á fullnægingum.“

Ragnheiður Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur og kynlífspistlahöfundur



PP MEDICO

Rentemestervej 2
2400 København NV
Sími: 35813500
salg@ppforlag.com

Birkiaska (Betusan)

Finnska birkiaskan hefur reynst mörgum vel í baráttunni við sjúkdóma og ýmis óþægindi. Hún hefur slegið í gegn í Danmörku og víðar. - *Hægt er að panta birkiöskuna og lesefni um reynslu annarra af notkun hennar á skrifstofu okkar. Verð: 99 DKK fyrir 120 hylki. - Við bjóðum einnig birkiösku í umboðssölu.*

Hver var Innanna?

Hún var helsta gyðja Súmeríumanna í Mesópótamíu til forna. Hún er gyðja kærleikans, frjósemi og styrjalda. Hún er sögð vera dóttir himnaguðsins An og tunglgyðjunnar Nönnu. Hún er líka kölluð Ninnanna sem þýðir himna-drottning. Þá er hún kölluð Ninsianna og talin vera persónugervingur Venusar. Innanna á að laða karlmenn að sér en virða þá síðan að vettugi. Hún er ýmist mynduð sem skrudbúin gyðja eða nakin kona. Tákn hennar er átta odda stjarna.

Suðandi kameldýr

Tveimur dögum síðar heldur rannsóknablaðamennskan áfram. Nú er það „clairvoyant“-kvöld. Við sitjum í tíu manna hring. Byrjum á því að hugleiða. Það er einnilegt hvernig friður færist yfir misleit-an hópinn. Þarna situr magamikill iðnaðar-maður eða húsvörður á klossum, skammt frá honum smávaxin kona með uppsetta lokka í pífuþlússu, eins og nýklípt út úr fjöldasenu í Vesalingunum og þarna sitjum við - í þögninni. Eina hljóðið sem heyrir er ískrið í pylsuvögnunum. Í portinu hjá Ingu er röð af bílskúrum þar sem pylsuvagnar eru geymdir á nóttunni. Upp úr sjö á kvöldin byrjar sannkallað „caravanserai“, þegar pylsusalarnir teyma vagnana á eftir sér eins og suðandi kameldýr.

Dæmi um starfsemi:

5. mars: Námskeið í að draga úr stressi, angist og öðrum neikvæðum tilfinningum.

9. mars: Kvöld með Susanne sem er miðill fyrir meistarann White Eagle og fæst við heilun og sálhjálp.

10. mars: Skyggnilýsingarfundur. Það væri gaman að fá íslenskan miðil einhvern tíma?


14. mars: Tarotkvöld með Annie Hansen.

15. mars: Klaus Simoni kemur aftur og fjallar nú um djúpu sárin sem eru oft stærsti drifkraftur okkar.

Þess vegna eruð þið góðar saman

Sú skyggna, eða ófreska, eins og það var kallað í bókum, rýfur þögnina og segist vera með skilaboð. Byrjar á annarri okkar:

„... þú stendur á tímamótum, gömul gildi verða úrelt og við tekur miklu betri tími. Mundu bara eftir kvenlegu bliðinni á þér; þá fer allt vel.“ Hin fær skilaboð um að hún standi líka á tímamótum, en það sé engin ástæða til að óttast því allt fari miklu betur en hún haldi – stundum vanti skipulag í líf hennar og því skuli hún leitast við að leggja rækt við karllegu hliðina í sér. „Þess vegna eruð þið góðar saman, þið getið kennt hvor annarri svo mikið.“



Annie leggur Tarot. Ljósmynd: Lauri Dammert. ur að gera oft, stíga úr skarkala götunnar, staldra við og bara þegja, - vera.

Sterkar konur og ástsjúkar

Við erum hingað komnar af forvitni, en í ljós kemur að ein konan á fundinum á við alvarleg veikindi að stríða. Sjáandinn stappar í hana stálinu. Hvetur hana til að takast á við reiðina sem byrgir fyrir hræðslu. Horfast óhrædd í augu við angistina og láta eftir sér að þiggja kærleika og hjálp frá öðrum.

Önnur er ástsjúk og finnst greinilega kærastinn renna úr greipum sínum. „Vertu ekki svona áköf“, ráðleggur sjáandinn henni, „því bann er bræddur við styrk þinn.“ Við dæmst að diplómátísku orðavali hennar – leiðinlegustu eiginleikar okkar fá þarna fin nöfn sem auðvelt er að setta sig við, jafnvel að þykja vænt um.

Á eftir erum við eins og nýslegnir túskildingar. Hvílik endurnæring! Þetta ætti mað-

Vill hvergi annars staðar vera

Nokkrum dögum síðar er opið hús í Innanna og þá hittum við Ingu Björtu Vilhjálmssdóttur – konuna sem á heiðurinn af þessari starfsemi. Hún tekur hlýlega á móti okkur og sýnir okkur húsnaðið. Með hnúunum hefur henni tekist að breyta hráslagalegu iðnaðarhúsnaði í friðsæl húsa-kynni, þar sem er gott að vera. Inga hefur verið búsett í Danmörku í átján ár – hafði búið hér á sínum yngri árum og komist þá að því að hún vildi hvergi annars staðar vera. Kannast einhver við það?

Þrátt fyrir að Innanna iði af lífi á hverjum degi stundar Inga fulla vinnu úti í bæ til þess að hafa ofan í sig og á. Hún vonast til þess að geta helgað sig miðstöðinni eingöngu. Hún er menntuð í svæðanuddi jafnt sem almennu nuddi og ætti því ekki að skorta verkefni. Önnur okkar fékk að sannreyna hæfileika Ingu skömmu síðar og sveif út létt í spori.

Fyrirlestrar, nudd, heilun, námskeið, miðilsfundir og margt annað fer fram í húsinu Innanna. Einu sinni í mánuði er opið hús þar sem fólki gefst tækifæri til að prófa ókeypis ýmsar meðferðir sem boðið er upp á. Opið hús verður miðvikudaginn 16. mars og hefst kl. 19.

Sjá nánar: www.husetinnanna.dk

Huset Innanna
Nordre Frihavnsgade 17 D
2100 København Ø
Sími: 38 86 07 98
Netfang innanna@get2net.dk



Inga Björt nuddar. Ljósmynd: Lauri Dammert.

Góðir námsmenn!

Hjá LÍN á okkar ábyrgð

Við öxlum ábyrgðina með þér. Nú geta námsmenn samið beint við Landsbankann um bankaábyrgð á námslánum sínum hjá LÍN og þurfa ekki að leita til foreldra eða skyldmenna um ábyrgðir.

Þetta gerum við til að bæta enn námsmannaþjónustu Landsbankans og auka valfrelsi fyrir alla námsmenn í landinu.

Landsbankinn hefur ávallt verið brautryðjandi í þjónustu við námsmenn:

- Fyrsti bankinn með námsmannaþjónustu
- Fyrsti bankinn með sérstaka þjónustu fyrir íslenska námsmenn erlendis
- Fyrsti bankinn til að bjóða námsmönnum lán án ábyrgðarmanna
- Fyrsti bankinn til að bjóða flugnámslán
- Fyrsti bankinn til að bjóða námslokálán
- Fyrsti bankinn til að bjóða námsmönnum að sækja um námslán í gegnum Einkabankann

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra námsmanna

Menningarmolar



Spessi ljósmyndari...

... átti afmæli daginn sem sýningin BASE var opnuð á Norðurbryggju 17. febrúar. Spessi og sænski kvikmyndagerðarmaðurinn Erik Pauser gerðu þessa óvenjulega sýningu en hún fer fram á fimm myndskjám og nokkrum hljóðrásum í senn og greinir frá daglegu lífi á bandarísku herstöðinni í Keflavík. Sjá: www.bryggen.dk

Emiliana Torrini

Íslensk söngstjarna er á leið til Kaupmannahafnar! Engin önnur en söngkonan stórkostlega, Emiliana Torrini, heldur tónleika í Vega 19. mars. Miðasala er hafin á vef tónleikahússins Vega: www.vega.dk

Myndlistarkonan Sossa...

... er snúin aftur til Kaupmannahafnar og ætlar að dvelja hér í eitt ár. Sossa stundaði nám við Skolen for Brugskunst á árunum 1979-1984 og má því segja að hún leiti nú á fornar slóðir. Hún hefur haldið fjölda sýninga hér í borg á undanförunum árum og er mörgum kunn fyrir fallega list sína. Kaupmannahöfn er greinilega farin að draga að sér íslenska listamenn á ný, en ekki er langt síðan kollegi hennar, Tolli, flutti vinnustofu sína hingað frá Berlín.

H.C. Andersen-elítan

Benedikta Danaprinsessa útnefndi Vigdís Finnbogadóttur og Einar Mát Guðmundsson sérstaka H.C. Andersen-sendiherra við hátíðlega athöfn í Reykjavík á dögunum. Hafnarpósturinn fagnar þessari virðulegu útnefningu sem átti sér stað skömmu eftir að þau Vigdís og Einar Mát afhentu viðurkenningar í smásagnasamkeppni Hafnarpóstsins, PP Forlags og Icelandair.

Auður hlaut bókmenntaverðlaun

Við, Íslendingar í Kaupmannahöfn, erum að vonum stoltir af því að verðugur fulltrúi okkar, Auður Jónsdóttir rithöfundur, hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2004 fyrir skáldsöguna „Fólkið í kjallaranum“. Okkar Hafnar-Íslendingum hlotnaðist sá heiður að fá að fylgjast með tilurð verðlaunassögunnar á bókmenntakvöldum hjá Thor í fyrravetur. Kannski við fáum að fylgjast með fæðingu fleiri meistaraverka á þeim vettvangi.

Nýr norrænn ráðherra

Í nýrri ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussens er Connie Hedegaard umhverfisráðherra jafnframt norrænn samstarfsráðherra. Það verður forvitnilegt að fylgjast með hvernig hin gríðarlega vinsæla Connie beitir sér í norrænu samstarfi en Danir gegna einmitt formennsku þar í ár.

Hekla sýnir

Hekla Dögg Jónsdóttir sýnir í Galleri Nordlys fram til 23. mars. Sýningu kallar hún „Hið fullkomna augnablik“. Nánari upplýsingar: www.gallerinordlys.dk

Afmælisrit Vigdísar

Í tilefni 75 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur mun Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur gefa út afmælisrit henni til heiðurs. Ritið byggir á tveggja daga ráðstefnu um rannsóknir á menningu og tungumálum Norðurlanda sem haldin var í nóvember 2003 í tengslum við opnun Norðurbryggju. Meðal höfunda efnis eru rithöfundarnir Susanne Brøgger og Einar Mát Guðmundsson. Að auki eru í bókinni greinar eftir fjölmarga vísindamenn á sviði bókmennta og tungumála. Bókin er myndskreytt með ljósmyndum Jens Lindhes frá Norðurbryggju.

Afmælisritið verður afhent Vigdísí á afmælisdaginn 15. apríl á ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi í tilefni afmælis hennar.

Sendið okkur efni!

Við vinnum stöðugt að því að gera blaðið enn betra og sem fjölbreyttast og tökum því athugasemdum og hugmyndum ykkar fegins hendi. Við hvetjum ykkur til að senda okkur myndir og efni frá uppákomum þar sem Íslendingar eiga hlut að máli. Greinar og viðtöl eru að sjálfsögðu vel þegin. Netfang okkar er: hafnarpostur@islandingafelagid.dk. Þar sem blaðið kemur aðeins út sex sinnum á ári viljum við hvetja ykkur til að fylgjast með fréttum og dagskrá á vef Íslendingafélagsins: www.islandingafelagid.dk en hann er uppfærður vikulega.

www.heilsufrettir.is/dk



ShapeWorks™

– er nýtt lífsstílskerfi sem virkar

HÖNNUN: 2b@internet.is



Viltu vita hvernig venjulegt fólk eins og við getum haft frá 2-7.000 dk. kr. á mánuði, í algjöru hlutastarfi og bætt heilsuna í leiðinni?

Kíktu á www.heilsufrettir.is/dk og fáðu að vita meira.

 **HERBALIFE.**

ShapeWorks sérsniðinn lífsstíll - lausn sem endist allt lífið!

Spurt er um kosningarétt

Raddir í lýðræðinu

Pólitík

Erla Sigurðardóttir

Þrátt fyrir að fæst okkar hafa kosningarétt í dönskum þingkosningum fylgjumst við engu að síður af áhuga með úrslitum þeirra. Kynslóða- og jafnvel kynskipti eru væntanleg í forystu hvorki meira né minna en þriggja danskra stjórnmálaflokka á næstu vikum og mánuðum.

Hér erum við atkvæðalaus en hver skyldi staða okkar vera á Íslandi? Hafnarpósturinn sendi fyrirspurnir til íslensku stjórnmálaflokkanna og svör þeirra fara hér á eftir:

Geta Íslendingar búsettir erlendis gengið í flokk ykkar?

Framsóknarflokkur: Já.

Frjálslyndi flokkurinn: Íslendingar, búsettir erlendis, geta að sjálfsögðu gengið í Frjálslynda flokkinn og hafa gert það.

Samfylking: Já, með því að ganga í eitt flokksfélag, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, eða hvar sem fólk kys að vista sig, en menn verða að ganga í eitt félag flokksins.

Kjörskrá

Íslenskir ríkisborgarar, 18 ára og eldri búsettir á Íslandi mega kjósa þar. Þó þarf að kæra sig inn á kjörskrá fyrir 1. desember árið áður en kosningar fara fram og endurnýja umsóknina á fjögurra ára fresti.

1. Farið inn á www.hagstofa.is
2. Veljið: Eyðublöð
3. Veljið: Kjörskrá
4. Fyllið eyðublaðið út á skjánum og prenta það síðan út – eða prentið það fyrst út og fyllið síðan út í hendinni.
5. Skrifuð undir eyðublaðið og sendið það á Hagstofu Íslands.

Framsóknarflokkurinn: www.framsokn.is

Frjálslyndi flokkurinn: www.xf.is

Samfylkingin: www.samfylking.is

Sjálfstæðisflokkurinn: www.xd.is

Vinstri hreyfingin – grænt frb.: www.vg.is



Ljósmynd: Diane Arbus.

Sjálfstæðisflokkur: Hver sá sem orðinn er 15 ára getur gerst félagsmaður í sjálfstæðisfélagi á því félagssvæði þar sem hann er búsettur. Flokksbundnir sjálfstæðismenn sem flytja til útlanda eru áfram í því sjálfstæðisfélagi sem þeir voru í þegar þeir fluttu af landi brott. Óski íslenskur ríkisborgari sem býr erlendis eftir því að ganga í Sjálfstæðisflokkinn verður flokksaðild hans líklega samþykkt og hann hafður á flokksskrá sem Íslendingur búsettur erlendis.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð: Já, þeir geta það og eru þegar nokkrir skráðir félagar í VG búsettir erlendis.

Njóta Íslendingar búsettir erlendis sömu réttinda og flokksmenn sem búsettir eru á Íslandi – til dæmis við kosningu á forystu flokksins?

Framsfl.: Já, formlega séð. Hinsvegar eru þeir sem búa erlendis auðvitað alls ekki í sömu aðstöðu til að nýta þau réttindi. Til dæmis er stefna flokksins mótuð á flokks-

þingi og þar er forysta hans kjörin. Til þess að hafa áhrif á niðurstöður þingsins þarf auðvitað að koma þangað sem ekki er víst að Íslendingar búsettir erlendis eigi gott með. Við höfum þó dæmi um það að menn hafi komið sérstaklega að utan til þess.

Frjálsfl.: Við viljum að flokksmenn búsettir erlendis njóti sömu réttinda og þeir sem búsettir eru hér á landi. Kosningar á forystu flokksins fara samkvæmt skipulagsreglum flokksins fram á landsþingi sem haldið er annað hvert ár. Allir eiga rétt til setu á landsþingi og eru kjörgengir þar, sem eru skráðir í flokkinn, skráðir til þings og hafa greitt félagsgjöld. Hingað til hafa ekki komið fram ábendingar varðandi „utankjörfundaratkvæði“ varðandi kjör á forystunni, en sjálfsagt er að taka fullt tillit til óska þar að lútandi.

Samfl.: Já, það gera þeir. Samkvæmt nýsamþykktum reglum eru allir félagar á kjörskrá. Fólk getur haft samband við flokkinn: Skrifstofa Samfylkingarinnar, Austurstæti

14, 5. hæð, Box 160, 101 Reykjavík. Sími: 551 1660. Fax 562 9155. Netfang: samfylking@samfylking.is

Sjálfstfl.: Þeir njóta fullra réttinda sem felast m.a. í því að kjósa fulltrúa á landsfund.

Vinstri-gr.: Þeir hafa öll sömu réttindi og aðrir flokksmenn. Hvað varðar kjör til forystu flokksins þá fer það fram á landsfundi sem haldinn er annað hvert ár. Á síðasta landsfundi var einn kjörinna landsfundarfulltrúa búsettur erlendis, en hann lét það ekki hindra sig, heldur kom heim og tók fullan þátt í störfum landsfundar.

Ráðgerði þið þjónustu við Íslendinga erlendis í sambandi við næstu bæjarstjórnar- og alþingiskosningar, til dæmis aðstoð við að skrá sig inn á kjörskrá í tæka tíð skv. lögum?

Framsfl.: Já við ætlum okkur að veita aðstoð. Á þessari stundu liggur ekki fyrir nákvæmlega hvað við gerum en yfirleitt reynum við að greiða úr vanda allra sem til okkar leita.

Frjásl.: Við höfum reynt að þjónusta kjósendur erlendis eftir því sem við höfum haft tök á, til dæmis í síðustu alþingiskosningum og viljum gjarnan aðstoða fólk við að skrá sig inn á kjörskrá í tæka tíð.

Samf.: Já, það gerum við, næst þegar almennar kosningar fara fram í landinu.

Sjálfstfl.: Í næstu kosningum mun Sjálfstæðisflokkurinn eins og ávallt endranær veita mikla og öfluga aðstoð öllum þeim Íslendingum sem búsettir eru erlendis en hafa hugsanlega kosningarétt á Íslandi óski þeir eftir að skrá sig inn á kjörskrá í tæka tíð samkvæmt lögum.

Vinstri-gr.: Vinstri-Græn hafa veitt slíka þjónustu hingað til og hyggjast gera það áfram.

**Síminn á
auglýsingadeild er:**

3314 6035

**Þórarinn Leifsson hannar og
brýtur um Hafnarpóstinn**
(í helvítis hveli)

Sími: 29410179
www.totil.com
totil@totil.com

totil.com
CPH



Ísland



Draumaferðir um Norður-Atlantshaf

Siglið heim til Íslands með M/F Norröna.

Hagstætt verð og ýmis þægindi.

Afsláttur fyrir námsfólk.

Hægt að taka bílinn og mikinn farangur með.

Ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára án eigin koju.

Njótið siglingarinnar með öllum nútímaþægindum:
þægilegar káetur, veitingastaðir, verslanir, gufubað,
sólbekkir, líkamsrækt, næturklúbbur,
ráðstefnusalir og leiksvæði fyrir börnin.
Nýjung: Nú er siglt allan ársins hring.
Brottför frá Hanstolm alla laugardaga.

SMYRIL LINE

DANMARK



Trafikhavnsgade 7
DK-7730 Hanstholm
Tlf. +45 96 550 360
Fax +45 96 550 361
office@smyril-line.dk
www.smyril-line.dk

Á tímamótum:

Hafnarpóstur tvítugur

Saga

Erla Sigurðardóttir

Síðdegis hef ég setið í hægindastól með köttinn Lennon í kjöltunni og flett gömlum tölublöðum af Nýjum Hafnarpósti. Á netinu er ég í sambandi við vinkonur mínar sem tóku þátt í endurreisn blaða-útgáfunnar fyrir 20 árum. Ég hef brosað og stundum hrist hausinn yfir eigin skrifum og nokkurra annarra. Sé að sumir voru miklu skemmtilegri en mig minnti – þetta er þroskinn. Dæsi þegar ég rekst á eilífðarmálin, kveinin undan fjármálum og skeytingarleysi hins almenna félaga. Heimurinn hefur löngum verið á leið til fjandans.

Mig vantar 1. tölublað af 1. árgangi. Lenti það kannski á öskuhaugunum þegar tekið var til í kjallara Jónshúss. „Hentuð þið því?“ spurði ég ungan stjórnarmann felmttri slegin. „Hvað átti að gera við gömul blöð?“ spurði hann á móti með þjósti. Hann gerði sér ekki grein fyrir að við vorum að skapa söguna, sá bara drasl í hverju horni.

Söguna um hóp af námsfólki og listamönnum sem átti sér hugsjón um að skapa mikilvægt blað þar sem andinn, textinn og formið mynduðu fullkomna heild. Þar sem textinn var sleginn inn á nýkeypta tölvu, prentaður út og klipptur niður á dálkbreiðar ræmur og þær límðar þráðbeint á örk. Síðan voru fyrirsagnir skafaðar af Letra-set-örkum og ferkantar með krossi teiknaðir á arkirnar þar sem prentsmiðjan kæmi myndunum fyrir. Á tímum þegar auglýsingar voru feimnismál, hver auglýsing var

klipp í kortið – nú var búið að selja sig fjandanum. Um svipað leyti ákveður stóra félagið, Íslendingafélagið, að setja þak yfir framlög sín til útgáfu blaðsins, enda gleypri það lungann úr ráðstöfunarfénu. Ég man ekki eftir neinni umbun fyrir þetta mikla starf, aðeins hreina vinnugleði.

Flatlendisuppar

En hér er 2. tölublað og hefst það á greininni „Flatlendisuppar“ sem átti eftir að kalla á mikil viðbrögð. Þar veltir Sigrún Björnsdóttir fyrir sér í ljúfsárri sjálfshæðni hvað orðið hafi af gömlum blöðlyndum flippurum sem fjölmenntu til Köben á 8. áratugnum. Hvað sé orðið af psychadelískum sálfræðingum, róttæka bókmenntaliðinu, listaspírunum og kvennahópunum? Hún lýkur grein sinni á orðunum:



Flugleiðir efna til „laglegrar landkynningar“ í Nimb í Tívoli þar sem 500 útlendingum er boðið að smakka á rammíslenskum þjóðarréttum og skola þeim niður með brennivíni. Móðelsamtökin sýndu ullarfátnað, íslensk tónlist var leikin og ekki vakti sist athygli að fulltrúi íslenskrar fegurðar var á staðnum, ungfrú Heimur, Hólmfríður Karlsdóttir. Í lok veislunnar gerði hún sér lítið fyrir og tók nokkur sönglög með hljómsveitinni Hálf í hvoru, þar á meðal Á Sprengisandi.



2. tbl. 1. árg.

„Einn góðan veðurdag verður launavinnan óþörf og lífsfyllingarinnar leitað annars staðar en á atvinnumarkaðnum. Þá flykkist bingað enn á ný upplýftur æskuskari að leita hamingjunnar. Þá blómstrar félagslífið á ný meðal Íslendinga í Köben og listaspírurnar troða hver annarri um tær af ákafa við að koma gullkornum andans á framfæri. Þá leitum við frelsis í stað gulls. Ó hall-elúja. Þangað til, kæru félagar, sendum við ykkur baráttukveðjur. Lifi byltingin!“

Félögin og fjörutíu prósentin

Námsmannafélagið og Íslendingafélagið fá nú fasta síðu í blaðinu. Bergþóra S. Kristjánsdóttir, formaður þess síðarnefnda, segir hreykin frá því að nú ríki þar hrein kvennastjórn í fyrsta sinn og auk þess sé hún fyrsta konan í stjórn Jónshúss. Sama ár er haldið upp á tíu ára afmæli konukvöldanna og af því tilefni er samsýning íslenskra listakvenna í Jónshúsi.


Stjórn Íslendingafélagsins hefur ákveðið að eigi fari meira en 40% af félagsgjöldum í útgáfu Nýs Hafnarpósts og á þetta eftir að valda skodanaskiptum í blaðinu. Bergþóra spyr: „Hver á Íslendingafélagið?“ Námsmenn eru ekki eins andríkir, félagsmenn eru minntir á að telja fram á Íslandi: „Teljið fram – það gerir margt auðveldara þegar (ef) komið er til Íslands aftur.“

Femínisti með vandaðan fatasmekk

Opnuviðtalið er við tvo íslenska fatahönnuði sem eru að ljúka námi. Önnur þeirra, Unnur Kristjánsdóttir, er minnt á að einhvern tíma hefði þótt saga til næsta bæjar að femínisti í Alþýðubandalaginu legði fyrir sig fatahönnun. Hún svarar: „Maður er hvorki betri né verri sósíalísti þótt maður hafi smekk fyrir vönduðum fötum.“

Í desember 1985 er minnst á bága fjárhagsstöðu Hafnarpóstsins. Framlög félaganna nægja engan veginn, gerðar hafa verið ráðstafanir til að laða auglýsendur að og nú á að halda styrktarhátíð í febrúar næst komandi.

Sigurður Jóhannesson hefur áhyggjur af því að ritstjórar áskilja sér rétt til að stytta



3. tbl. 1. árg.

aðsendar greinar: „Verði Hafnarpóstur eitthvað meira en þunnt fréttablað má vera að einhver hafi enn gaman af að fletta í honum eftir 20 ár.“

Hástæður botnlangi

Opnuviðtalið er við aldraðan lækni, ættaðan frá Eskifirði, Erling Tulinius. Þar segir hann sögu frá stríðsárunum:

„Það kemur einn þýskur liðsforingi með kærustuna sína illa baldna af botnlangakasti og er hún í basti lögð inn til uppskurðar. Ég sker síðan konuna upp en finn bvergi botnlangann. En eftir mikla

leit og erfiðan uppskurð kemur í ljós að botnlangi konunnar er staðsettur 10 cm ofar en eðlilegt mátti teljast. Nema hvað – ég fjarlæggi botnlangann og fer fram að róa elskubugann. Hann verður náttúrulega ansi undrandi yfir því hversu hástæður botnlanginn var. Þá segi ég við hann að líklega hefði kærastan bara byllt Hitler of oft með „Heil Hitler“ og botnlanginn þar af leiðandi rykkst þetta líka langt upp í kviðarholið. Þá segir aumingja maðurinn alveg blessa: „Kann das auch sein?“ Ég kvæð þetta algengan kvilla meðal Þjóðverja.“

2635 DKK + flugvallarskattur

Mál og menning býður Hafnar-Íslendingum upp á bækur á tæpu fjórðungi lægra verði en í íslenskum verslunum. Flugleiðir auglýsa jólafargjöld til Íslands 2635 DKK + flugvallarskatt. Hver kvartar undan háum flugfargjöldum í dag – 20 árum síðar?

Nú er runnið upp nýtt ár, 1986. Í febrúar er sagt nánar frá stuðningshátíðinni, að „svuntan verði falin fyrir Beggu og Jónsbús lagt undir villt geim frá morgni til kvölds“. Þar verði leiklistarverkstæði fyrir börnin, listamenn og tombóla, bingó sem presturinn stjórni og brennivínsflaska í verðlaun að ógleymdri Hnallþóru í unni.



1. tbl. 2. árg.



Dæmigerð auglýsing frá þessum tíma

Rauði og hvíti herinn

Stundum er vikið að því hvort tímabært sé að sameina félögin tvö. Af pólitískum ástæðum er Íslendingafélagið hvíti herinn en rauðliðarnir í Námsmannafélaginu. Námsmenn hafa riðið á vaðið og keypt tölvu en Íslendingafélagið er ekki eins ginnkeypt fyrir þessum nýjungum. Bergþóra formaður leggur út af áramótaávarpi íslenska forsætisráðherrans og gerir orð hans að sínum: „Ég skil það reyndar vel, að mörgum líki verr birir breyttu tímar. Sjálfur sakna ég margs sem horfið er. Slík bugsun er þó til lítills.“

„Ég sé þig. Ég sé ekki lengra.“

Opnuviðtal er við Megas sem þá er í bæn- um með dagskrána „Vegir liggja til 68“. Það fer vel á með listamanninum og ritstýr- unum tveimur. „Það virða mig allir og elska, ég sé það bara á ykkur,“ segir hann.

Begar önnur spyr hvað sé framundan svar- ar hann: „Ég sé þig. Ég sé ekki lengra.“ Lokaorðin eru Magnúsar:

„...heilsaðu sérhverjum heima sem þú heldur að gangist við mér barnatrúnni er ég víst búinn að gleyma en það bíður jú allra að þurfa að staldra við eftir sjálfum sér ...“

Margbreytilegt litróf

Í mars er Hafnarpósturinn helgaður Árna- stofnun í minningu Jóns Helgasonar fræð- manns og skálds sem þá er nýlátinn. Vitn- að er í Alþýðubók Laxness:

„Þessi gamla höfuðborg vor var í senn nógu stórstaðarleg til þess að kalla fram í minningu Íslendingsins skýra and- stæðumynd af ásýnd gamla Fróns og nægilega fjarri Fróni til þess að ala í brjósti landanna rómantíska cettjarðar- ást, sem eggjaði bæði til ljóðs og dáða.“

Hér lifðu landarnir enn fremur andlega frjósömu listamannalífi, þótt svallsamt væri á stundum, en að slíku lífi blúir stórborgin ein með sínu margbreytilega litrófi.“

Viðmælandi á Árnasafni er Eyvindur Eiríks- son, páverandi íslenskulektor við Hafnar- háskóla, en hann hlaut einmitt viðurkenn- ingu í smásagnakeppni Hafnarpóstsins á dögumum. Hann segist ekki þora að fara lengra inn í nútímann en Stein Steinarr enda finnst svo lítið af því þýtt.

Íslensk fegurð

Nú er komið vor árið 1986. Forsíðuna prýðir baksvipur á nöktum karlmanni sem klifrar upp grjóttvegg. Spurt er: Hvað er ís- lensk fegurð? Hans Orri og Urður (6-7 ára) svara:

„Bara ágætt, við munum ekkert eftir Íslandi. En veist þú af hverju Kínverjar eru með skökk augu?“

Sagt er frá stuðningshátíð Hafnarpóstins. Kristín Ómarsdóttir las upp ljóð, leikin smásaga eftir Vigdís Grímsdóttur af segulbandi og prestsfrúin sigraði Hnallþóruimmuna með frábærri vandbakkelsisköku. Sömu prestsfrú er ekki eins skemmt yfir forsíðu blaðsins, hún fann enga íslenska fegurð í ungum karlmannspjóhnappi.

Maðurinn, hundurinn og maurinn

Maíblaðið er helgað húsnæðismálum. Jakob E. Lindal skrifar: „... Allir þurfa rými, maðurinn, hundurinn og maurinn.“ Gunnlaugur Júlíusson skrifar um sameignastefnu og séreignastefnu í húsnæðismálum.

Nú er útvarpshugur komið í ritstjórnina því opnuviðtal er við Hildi Jónsdóttur sem tekið hefur þátt í rekstri íslenskrar útvarpsstöðvar í Árósum.

Hafinn er þátturinn Vísnað hjál þar sem hagyrðingum veitist tækifæri til að láta ljós sitt skína. Birt er vísa sem Rut frá Ljósavatni orti barn að aldri til móður sinnar:

*Ef þú getur ekki neitt
utan mig að skamma.
Væri betur kefli keyrt
í kjaftinn á þér mamma.*


Faðir hennar fær ekki betri útreið:

*Faðir minn bruddi folaldið,
fékk ég engan bita.
Át og ruddi í sinn kvið
á bann bljóp svo skíta.*

Byltingin

Blaðið hét Þórhildur þegar við tókum við því en nafninu er breytt í Nýr Hafnarpóstur. Það átti að boða nýja tíma og bera vott um atvinnu-mennsku. Hugsjónirnar voru að andinn, orðið og formið ættu að skapa fullkomna heild. Kolbrún Þóra Oddsdóttir sá um útlit blaðsins ásamt Ingibjörgu Rán Guðmundsdóttur. Hún skrifar í tölvupósti:

*„Við Ingibjörg Rán unnum sam-
an að því að fá samræmt heildarútlit
og brynjanda. Svartbítar ljósmyndir
blaðsins voru svo góðar að það þurfti
einu veginn að undirstrika þær og
það var gert með svörtum línunum hér og
þar. Samstarfið við ritnefndina var góð,
man aldrei eftir að hafa þurft að setja
blaðið upp á nýtt. Verkinu var bespað af
í miklu æði, skæri, lím og hugmyndir á
ferð og flugi.“*



Ég hef litla heimbrá. Ég er alveg fallinn til og svo verða Danirnir skárri með árunum.
Erlingur Túlinius læknir, 3. tbl. 1. árg.

Gagnaugun nudduð

Síðasta tölublaðið sem ég sit með kom út í október 1986 og er aðeins 8 blaðsíður. Við erum aðeins tvær skráðar fyrir þessu blaði, Kolbrún og ég. Hvað gerðist? Voru allir fluttir heim? Það hljómar eins og fækkað



2. tbl. 1. árg.




3. tbl. 2. árg.

Þrátt fyrir að fækkaði í ritnefnd blaðsins var engin deyfð í fjölmiðlamálunum. Íslensk útvarpsstöð með aðsetur í Radio Sökkellund var komin á laggirnar. Í fyrstu útsendingunni var viðtal í beinni við Vigdís Finnbogadóttur forseta, sem svaraði heimilislega frá Bessastöðum og hjalaði við Sigrúnu Björnsdóttur og Kristján Ara Arason drjúga stund í rökkirinu. Þar var rætt við fleiri andans stórmenn sem áttu ferð um Kaupmannahöfn, að ógleymdum gömlum Íslendingum í Höfn svo sem Ragnhildi Ólafsdóttur rithöfundur. Tryggvi Guðmundsson frumsamdi tónlist og útsendingarstef og sendar voru reglulegar fréttasendingar að heiman og frá Köben.

hafi í veislunni því ritstjórn skrifar:

„Blaðabópur tók á sig vinnu sem áður var keypt úti í bæ, t.d. umbrot og setningu. Peningur er sparaður en tími var naumur til að gera blutina eins vel og



4. tbl. 2. árg.

við vildum. Út komu 8 tölublöð s.l. vetur; auk þess bárum við bita og þunga af stuðningsbátid blaðsins ... nú þarf fólk að kasta mæðinni, setjast niður; nudda gagnaugun og bugsa sig um ... ef sinnuleysi landans verður hið sama og hingað til er enginn grundvöllur fyrir áframbaldandi útkomu blaðsins. Það er ekki endalaust hægt að framkalla falskt endurskin af þöglum og breytingarlausum fjölda.“

Við lestur þessara orða sé ég fyrir mér að uppörvandi þakkarorð frá stjórnnum félaganna og lesendum hefðu getað gert kraftaverk. Þetta neyðaróp á dýlóg, samræður og samvinnu hljómar enn í dag. Þó hefur hjól tímans runnið áfram, kannski eru þeir tímar á næstu grösum, sem Sigrún lýsti eftir í Flatlendisuppum, „ ... þegar listaspíurnar troða hver annarri um tær af ákafa við að koma gullkornum andans á framfæri.“ Ég lýk þessari nostalgíuferð með vísu Erlings lækis Túlínúsar:



5. tbl. 2. árg.

*Lad tankerne fare og flyve
til fremtidens drømmeland
en drøm har så let ved at lyve
at man ligefrem tror den er sand.*

Pantaðu heillaóskaskeyti á siminn.is og borgaðu með kreditkortinu þínu

Síminn

Það er einfalt og þægilegt að senda vinum og ættingjum skeyti í gegnum netið og kostar aðeins 730 kr. ef greitt er með kreditkort.

Þú pantar skeytið á
www.siminn.is/heillaskeyti



siminn.is

Það er gaman á meðan er...



Umbrotsmaður Hafnarpóstsins þakkar Íslendingafélaginu fyrir skemmtilegt samstarf. Nú er um að gera fyrir aðra að spreyta sig.
Þórarinn Leifsson

Smásagnakeppnin:

Íslendingalíf í Kaupmannahöfn



Dórnafnd fær blóm fyrir störfín. Ljósmynd Lauri Dammert.

Menning

Erla Sigurðardóttir

Fjöldi manns var saman kominn 14. janúar s.l. í sendiráði Íslands við Norður-bryggju þegar veittar voru viðurkenningar í smásagnakeppni um Íslendingalíf í Kaupmannahöfn. Icelandair buðu upp á glæsilegar veitingar. Þorsteinn Pálsson sendiherra bauð gesti velkomna og þakkaði Íslendingafélagi, Icelandair og PP Forlagi fyrir að standa að þessu framtaki.

Margrét V. Helgadóttir, ritstjóri Hafnar-pósts, þakkaði dórnafnd og samstarfsað-

ilum. Einar Már Guðmundsson rithöfundur ræddi um hlutverk smásögunnar fyrir hönd dórnafndar og frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, veitti höfundum viðurkenningar. Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir smásögunna „Vindar“ og Eyvindur P. Eiríksson fyrir „Kormákur: Hvað líður sumrinu?“ Snorri Heimisson og Haukur Gröndal léku íslensk þjóðlög á fagott og bassahorn í útsetningu þess síðarnefnda.

Kaupmannahöfn hefur löngum verið áfangastaður Íslendinga og hafa margir þeirra átt mikilvægan þátt í þróun íslensks þjóðfélags og menningar. Þúsundir Íslendinga, karlar og konur, eru sendiherrar þjóðar sinnar í Borginni við Sundið og sjónarvottar sögunnar eins og hún birtist þar.

Margar sögur eru þó enn óskráðar. Því var efnt til fyrrnefndrar smásagnakeppni og bárust handrit frá Íslandi, Færeyjum, Danmörku og Bretlandseyjum. Ráðgert er að gefa út rit með úrvali af handritum sem bárust í keppnina.

Einar Már Guðmundsson líkti smásögunni við toppinn af ísjaka; að stuttur texti hennar gefi lesandanum fyrirheit um að undir niðri búi miklu stærri saga. Þetta á við margar smásögur sem bárust í keppnina. Það snart mig að lesa örlagasögur Íslendinga frá ýmsum tímum. Sögur af dauða. Sögur af ástinni, hvort sem það var ljúft daður á Ráðhústorginu eða ævilangt hjónaband þar sem ósvaraðar spurningar lágu grafnar í þögninni. Og sögur um leit að eða flótta frá uppruna sínum.

Við lesturinn var eins og að líta yfir Diskóflóann, þar sást í toppinn á ísjökum sem gáfu frá sér mismunandi háa hveli. Margar sögur langaði mig til að lesa áfram, mig langaði til að hitta höfundana og heyra meira. Vigdís Finnbogadóttir hafði sérstaklega

orð á því á dögnum hve mikilvægt væri að hvetja einnig þá sem ekki hlutu viðurkenningu til að halda áfram að skrifa.

Það væri óskandi að Hafnarskáldin fjölmörgu sendu blaðinu verk sín hvort sem

það eru ljóð, örsögur eða smásögur svo við getum haldið áfram að setja orð á og lesa um ótal hliðar og blæbrigði lífsins.



Ingibjörg og Sóley, sem mætti fyrir hönd Eyvindar afa síns. Ljósmynd: Lauri Dammert.

Café Jonas

Landgreven 3
1103 København K
sími 3332 1915
info@cafejonas.com

KAFFIHÚS – VEISLUR OG MANNFAGNAÐIR

Í hádeginu bjóðum við upp á hlaðborð og ljúffenga súpu. Njótið bolla af ítölsku kaffi í fallegu umhverfi. Eða bragðið á þýskum gæðabjór á meðan þið flettið Morgunblaðinu sem kemur daglega. Við bjóðum upp á kvöldmat ef þantað er fyrirfram.



Þá er hægt að leigja Café Jonas fyrir afmæli, móttökur, fermingarveisur og aðra mannfagnaði.

Dagskrá, matseðill og nánari upplýsingar á www.cafejonas.com

Þorrablót í Kaupmannahöfn

„Mega þeir sem koma á Þorrablót blóta allt kvöldið?“ Eftirvæntingin skein úr augum sex ára sonar okkar þegar hann fylgdist með undirbúningi veislunnar. Hann pantaði miða númer eitt. Þegar maður er sex ára, er fátt skemmtilegra en að æfa blótsyrðin við misjafnlega góðar undirtektir þeirra fullorönu. Vonbrigðin voru mikil þegar í ljós kom hvers kyns samkoma þetta væri eiginlega.

Hinir tæplega sjö hundruð gestir sem mættu á Þorrablót Íslendingafélagsins á NIMB laugardaginn 5. febrúar urðu ekki fyrir vonbrigðum með kvöldið. Fólkið streymdi inn í þessa ævintýrahöll Aladíns sem löngum hefur þótt ein ævintýraleasta byggingin í Tívolí. Gestirnir trítluðu titrandi af eftirvæntingu upp stigann: „Vá, hvað þetta er flottur salur,“ heyrðist oft um leið og upp á stigapallinn var komið.

Glæsileg umgjörð salarins skapaði stemningu sem er hreinlega ólýsanleg. Maturinn frá SS í höndum meistarakokkanna, **Gunna Palla** og **Gunnu**, bragðaðist frábærlega. **Karl Ágúst** veislustjóri fór á kostum – sló á léttu strengi og stjórnaði veislunni af öryggi og elegans. Eiginkona hans, **Ásdís Olsen**, kom með til Köben og tók líka þátt í blótinu. Fótboltastrákarnir úr **ÍF Guðrúnu** og **Ísborgu** fengu sinn skerf af athyglinni þar sem verðlaun frá fótboldamóti dagsins voru veitt við hátíðlega viðhöfn. Árlegt happdrætti var á sínum stað og vinningarnir hver öðrum glæsilegri. Óhætt er að fullyrða að stjórnandi földasöngsins, **Valgeir Guðjónsson**, hafi átt tromp kvöldsins þegar hann náði upp svo magnaðri stemningu í miðri mál-tíðinni að fólk stóð upp á stólum og söng *Popplag í G-dúr* og *No woman, no cry*, á víxl – og allir náðu að syngja með.

Að matnum loknum hófst dansleikurinn og þá var nýjum gestum hleypt inn. Strákarnir í hljómsveitinni Á móti sól voru komnir alla leið frá Íslandi. Væntingarnar til þeirra voru miklar þar sem þeir náðu að setja allt á annan endann á þorrablótum víðs vegar um Danmörku í fyrra og hafa fengið á sig stimpil að vera stuðband stuðbandanna. Sólardrengirnir stóðust væntingarnar og vel það. Frábær hljómsveit í einu orði sagt. Fyrsta lagið hófst á mínúttunni 11:00 og síðasti tóninn dó út klukkan 02:59:30. Ein stutt pása í tíu mínútur allan þennan tíma. Dansgólfið var troðið allan tímann og það virtist vera alveg sama hvaða lag þeir spiluðu, þeir slógu alltaf í gegn.





Þorri veislugesta voru íslenskir Hafnarbúar sem hafa haft aðsetur hér í einhvern tíma eins og **Ævar Österby** hárgreiðslumaður með meiru, **Guðrún Bjarnadóttir** snyrtifræðingur og eigandi House of Beauty í Skodsborg, **Sigrún Halldórsdóttir** í PP Forlagi, **Jón Runólfsson** og **Inga** í Jónshúsi. Þar mátti líka sjá **Nínu Björk**, ljósmyndara og fyrirsætu, strákana frá fasteignakeðjunni REMAX með **Barða Valdimarsson** í broddi fylkingar, fullt af fótboltahetjum frá Ísborg og Íþróttafélaginu **Guðrónu** og starfsmenn Apple-búðarinnar í Kaupmannahöfn en hún er í eigu Íslendinga. **Berghóra Jónsdóttir** var glæsilegur fulltrúi Icelandair á staðnum. Margir þorrablótsgestanna komu langt að. Hópur frá Svíþjóð, töluvert margir frá Jótlandi, meðal annars hópur af ungum krökkum sem eru á lýðháskóla þar, Fjóni

og fullt af fólki frá Íslandi. Þaðan mátti sjá mikið af þekktum andlitum, eins og t.d. handboltakappann **Geir Sveinsson**.

Á blótinu voru líka Hafnar-Íslendingar sem eru snúnir heim, þar á meðal **Mikael Torfason** rithöfundur og ritstjóri DV. Skáldsaga hans Samúel gerist í dönsku umhverfi og margir þekkja til sögusviðs og aukapersóna úr danskri samfélagsumfjöllun. Þarna voru líka þrír ungir menn úr Hrunamannahreppnum sem koma árlega á Þorrablót í Köben af því að það er svo skemmtilegt.

Eins og búast má við þegar Íslendingar hittast og drekka saman brennivín, ná víkingagenin að brjótast fram. Sem betur fer gekk enginn svo langt að höggva mann og annan en sumum var lausari höndin en öðrum. Röskum dyravörðum má þakka að ekki urðu alvarleg slys á mönnum því þeim tókst að grípa ófriðarseggina áður en til alvarlegra átaka kom. Þegar búið var að sópa síðustu gestunum út í sambland við glerbrotin kom í ljós að staðurinn var að mestu óskemmdur þrátt fyrir sex hundruð skemmtanaglaða víkinga. Stjórnarmenn Íslendingafélagsins voru kvíðnir þegar þeir mættu á fund skemmtanahaldara til að fara yfir skemmdir á staðnum. Það mátti sjá létti í andlitum þeirra þegar á listanum stóð aðeins einn brotinn klósettvaskur. Einum klósettvaski of mikið en fólk okkur eldra og reyndara segir að klósettvaskar hafi löngum legið vel við höggi á þorrablótum Íslendinga í Kaupmannahöfn. Takmarkið á næsta ári er að brjóta blað í sögunni, halda sömu góðu gleðinni og hlífa öllum vöskum.



Dagskrá Jónshúss

MARS

Sunnudagur 6.	11.00	Kirkjuskóli
Þriðjudagur 8.	19.00	Konukvöld
Fimmtudagur 10.	17.30	Safnaðarnefndarfundur
Laugardagur 12.	11.00-12.30	Bókasafnið opið
Sunnudagur 13.	11.00	Kirkjuskóli
Föstudagur 18.	19.30	Félagsvist
Laugardagur 19.	11.30	Barnakór, æfing
Sunnudagur 20.	11.00	Kirkjuskóli
Sunnudagur 27.	14.00-17.00	Messukaffi

APRÍL

Laugardagur 2.	11.00	Barnakór, æfing
	16.00-18.00	Opnun myndlistarsýningar Stefáns Berg
Sunnudagur 3.	11.00	Kirkjuskóli
Fimmtudagur 7.	16.00	Al-Anon fundur
Laugardagur 9.	11.00	Barnakór, æfing
	11.00-12.30	Bókasafnið opið
Sunnudagur 10.	11.00	Kirkjuskóli
Fimmtudagur 17.	20.00	Bókmenntaklúbburinn THOR

Fastir liðir:

Alla mánudaga	19.00	Kvennakór Kaupmannahafnar, æfing
	19.45	AA-fundur
Alla þriðjudaga	20.00	Al-Anon fundur
Alla miðvikudaga	18.00-20.00	Bókasafnið opið
		- Sýning um Jón Sigurðsson opin
	18.00	Kór íslenska safnaðarins, æfing
	20.00	AA-fundur
Alla fimmtudaga	18.00-20.00	Bókasafnið opið
		- Sýning um Jón Sigurðsson opin
	19.00	Fermingarfræðsla
Alla föstudaga	19.00	AA-fundur
Alla laugardaga	09.00	Íslenski skólinn, yngri deild
	12.00	Íslenski skólinn, eldri deild
Alla sunnudaga	11.00	AA-fundur
	14.00-17.00	Opið hús, kaffi og meðlæti, íslenskt útvarp, íslensk blöð, í umsjá Kvennakórs Kaupmannahafnar
		- Sýning um Jón Sigurðsson opin
	16.30-19.30	Staka, kóræfing

Jónshús Øster Voldgade 12 1350 København K Sími 3313 7997 www.jonshus.dk

Tilkynningar

Konukvöld í Jónshúsi

Þriðjudaginn 8. mars 2005, opnar kl. 18:30 – dagskrá hefst kl. 19:00
Afrika í máli og myndum. Jón Runólfsson segir frá ferðalagi sínu til Tanzaníu og sýnir myndir úr ferðinni. Að venju verður kaffi og meðlæti á vægu verði á boðstólum.

Málþing um Laxness

Í tilefni aldarafmælis Halldórs Laxness árið 2002 verður málþing Miðvikudaginn 24. apríl kl. 10.15 í Kaupmannahafnarháskóla, Njalsgade 78, stofu 10.1.30

Margrét Eggertsdóttir býður gesti velkomna og síðan verða eftirfarandi erindi: Erik Skyum-Nielsen: „Hvad alle bør vide om Laxness“, Wilhelm Friese „Laxness und Hamsun: Vom Glück und Segen des Landlebens“, Bergljót Kristjánsdóttir: „Kæmpeliv i Norden“, Jógvan Isaksen: Laxness og Heinesen, Ástráður Eysteinnsson: „Peripheries and Ideologies in Under the Glacier. Approaching Laxness's Novel of 68“ og Kim Lembek: „Islands forfattere“. Dagskránni lýkur kl. 15.00 með „Nachspiel“ og léttum veitingum.

Snorri Sturluson

Dansk-Íslandsk Samfund býður á fyrirlestur í samvinnu við Íslendingafélagið, Norræna félagið og Sendiráð Íslands Fimmtudaginn 2. maí kl. 19.30 í Kunstindustrimuseets Festsal, Bredgade

Sr. Geir Waage í Reykholti í Borgarfirði heldur fyrirlestur á dönsku um Snorra Sturluson. Sr. Geir tekst manna best að gera samtíma Snorra lifandi í augum nútímamanna þar sem hryðjuverkamenn, glæpamenn og glaumgosar berjast um völdin. Sr. Johannes Møllehave hreifst af lifandi frásagnarlist Reykholtsprestsins þegar hann sagði frá álfameyjum, vofum og sögu hverrar þúfu á heimaslóðum Egils og Snorra. Aðgangur er ókeypis og íslenska sendiráðið býður upp á veitingar að fyrirlestri loknum.

IF Guðrún og Ísborg skvetta úr klaufunum

Icelandair Open

Íþróttir

Íþróttafréttaritarinn

Laugardaginn 5. febrúar stóðu íþróttafélögin IF Guðrún og Ísborg fyrir stórglæsilegu innanhúss knattspyrnumóti. Mótið fór fram í Buddinge Skole og voru 10 lið skráð til keppni, þar á meðal tvö lið sem lögðu leið sína frá Íslandi. Helsti styrktaraðili mótsins var Icelandair og þökkum við þeim stuðninginn.

Dagskráin hófst formlega kl. 21 á föstudagskvöldinu þar sem keppendur hittust í Jónshúsi. Þar var boðið upp á pizzu, bjór og uppistand. Eftir það fóru eflaust nokkrir og skoðuðu margrómað næturlíf Kaupmannahafnar.

Keppnin sjálf hófst kl. 9 á laugardagsmorgni og voru leikmenn mismunandi vel á sig komnir. Fljótlega komust þó allir á skrið og úr varð meiriháttar skemmtun. Spilað var í tveimur riðlum og komust tvö efstu liðin áfram í undanúrslitaleikina, þar sem efsta lið A-riðils spilaði við annað sæti B-riðils og öfugt.

A-riðill

IF Guðrún 1

Ísborg 1

Styrkur

Álaborg

Unnsteinn málari

B-riðill

IF Guðrún 2

Ísborg 2

Ísborg 3

Hvíti riddarinn

Ballerup Ingeniør

Í fyrri undanúrslitaleiknum mættust Ísborg 1 og Hvíti riddarinn og vann Ísborg nauman sigur með marki nokkrum sekúndum fyrir leikslok. Seinni leikurinn var ekki síður spennandi, þar sem „samherjar“ mættust, það er IF Guðrún 1 á móti IF Guðrúnu 2. Leikurinn fór í framlengingu þar sem IF Guðrún 2 vann með 5 mörkum gegn 3. Úrslitaleikurinn var því á milli heimamannanna, IF Guðrúnar 2 og Ísborgar 1. Honum leik með 4-0 Guðrúnarmönnum í vil og urðu þeir því sigurveggarar mótsins. Lokahóf og verðlaunaafhending voru sameinuð Þorralóti Íslendingafélagsins



Fulltrúar IF Guðrúnar og Icelandair við afhendingu verðlauna.

í Kaupmannhöfn. Aðalvinningur mótsins var gefinn af Icelandair, aðalstyrktaraðila mótsins, en hann var flugferð fram og til baka milli Íslands og Danmerkur fyrir alla leikmenn sigurliðsins.

Markmiðið er að gera þetta mót að árlegum viðburði og var það samhljóða niðurstaða þátttakenda að mótið hafi verið vel heppnað í alla staði og þá fyrst og fremst frábær skemmtun.



Lucky Fares til Íslands

1480,-

frá DKK

með flugvallarsköttum, í gildi allt árið.

Bókað á www.icelandair.dk

